

**Sþ.**

**531. Fyrirspurnir.**

[185. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um tilkostnað við prófdómendur og prófnefndir árið 1948.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve mikið kostaði að gera landsprófsverkefni?
2. Hve margir voru prófdómendur á öllu landinu?
3. Hvert var dagkaup við hinar ýmsu tegundir prófa?
4. Hve mikil fjárhæð var greidd úr ríkissjóði fyrir hinar ýmsu tegundir skóla?

II. Til ríkisstjórnarinnar um stöðuveitingar við atvinnudeild háskólans.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve margir fastráðnir vísindamenn eru við þessa stofnun, og hve margir í hverri deild?
2. Hve margir aðstoðarmenn, konur og karlar, vinna við deildina?
3. Hvaða fræðimenn starfa við deildina, og hvenær hófu þeir starf sitt þar?
4. Hver var upphæð rekstrarkostnaðar við deildina 1948:
  - a. Laun fastráðinna manna?
  - b. Laun aðstoðarmanna?
  - c. Húsaleiga, ljós og hiti?
  - d. Ferðakostnaður starfsmanna utan lands og innan?
  - e. Allur annar kostnaður við deildina?
5. Hefur orðið sýnilegur árangur af starfi deildarinnar eða einstakra vísindamanna, sem starfa þar, og í hverju er fólginn sá árangur?

III. Til ríkisstjórnarinnar varðandi endanlegan skilnað Íslands og Danmerkur.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að hraða endanlegum skilnaði Íslands og Danmerkur, og hverju sætir það, að svo seint gengur að ljúka því máli?